

Tæknistjórn – val

Markmið:

Að nemandi kynnist tæknibúnaði sem til er í Skólamiðstöðinni og geti notað hann og hjálpað til við notkun hans. Að nemandi geti sett upp hljóðnema og lýsingu fyrir mismunandi viðburði.

Námið:

Farið verður yfir grunnatriði í hljóðstjórn, s.s. uppsetningu hljóðnema, stillingar á hljóðmixer, tengingu hljóðfæra og fleiri atriði. Einnig verður yfir grunnatriði í lýsingu, s.s. stillingar á ljóskösturum og ljósamixer.

Námið fer fram í tengslum við viðburði í Skólamiðstöðinni og munu nemendur læra á tæknibúnaðinn með því að nota hann undir leiðsögn kennara.